



Frá Brasilíu til BHM með félagsráðgjöf í farangrinum

| Björg Kjartansdóttir, framkvæmdastjóri BHM

Ég tók við starfi framkvæmdastjóra BHM síðastliðið haust og hef síðan unnið að því að kynnast fjölbreyttum og krefjandi verkefnum bandalagsins. BHM eru heildarsamtök 24 aðildarféлага með um 19.000 félagsmenn. Starfsemin er víðtæk og nær m.a. til reksturs sjóða, orlofseigna og eignasafna, hagsmunagæslu, stefnumótunar, mannauðsmála og almannatengsla.

Áhuginn á félagsráðgjöf kviknaði þegar ég fór sem skiptinemi til Brasilíu aðeins 18 ára gömul. Þar upplifði ég gríðarlegt félagslegt misrétti og ójöfnuð en jafnframt seiglu fólks sem hafði orðið fyrir ofbeldi og kúgun. Samhliða námi í blaðamannaháskóla starfaði ég meðal annars sem sjálfbóðaliði á hjúkrunarheimili og kenndi börnum í fátækrahverfi. Þessi reynsla opnaði augu mín fyrir því hversu mjög samfélagslegar aðstæður móta líf fólks – og kveikti þörf til að vinna að breytingum. Þegar ég lauk menntaskóla ákvað ég að mennta mig í sálfræði og félagsráðgjöf og fann mig strax í því námi.

Menntavegurinn hefur síðan verið fjölbreyttur. Ég lauk BA-námi sálfræði og starfsréttindanámi í félagsráðgjöf frá Háskóla Íslands, meistaraþáttu frá Haskóla Íslands, meistaragráðu í aðferðafræði frá Maastricht University og MBA-gráðu og stjórnendamarkþjálfun frá Háskólanum í Reykjavík. Þessi menntun hefur gefið mér sterkan grunn í mannlegum samskiptum, við stefnumótun og sem stjórnandi.

Ég hef starfað sem stjórnandi bæði á opinberum og almennum vinnumarkaði og borið ábyrgð á rekstri, breytingastjórnun og almannatengslum innanlands og á alþjóðavettvangi. Ég hef m.a. stjórnað samskiptum alþjóðlegra hjálparsamtaka við fjölmiðla og hagsmunaaðila á átaka- og hamfarasvæðum, auk þess að stýra fjölmennningarlegum teymum bæði hér og erlendis. Nú vinn ég að því að efla sýnileika og vægi háskólamenntunar í samfélaginu, styðja aðildarfélög BHM og tryggja að rödd háskólamenntaðra heyrist skýrt á íslenskum vinnumarkaði.

Ég hef stundum sagt að ég hafi aldrei starfað sem félagsráðgjafi – en í raun



Í rekstri og almannatengslum snýst árangur ekki um tölur, heldur um fólk – og þar nýtist félagsráðgjöfin ómetanlega vel

hef ég alltaf unnið út frá grunngildum greinarinnar. Hæfnin til að hlusta, setja sig í spor annarra, greina aðstæður og byggja upp traust hefur verið lykill að árangri í allri minni vinnu sem stjórnandi. Í rekstri og almannatengslum snýst árangur ekki um tölur, heldur um fólk – og þar nýtist félagsráðgjöfin ómetanlega vel. Í starfi framkvæmdastjóra BHM kem ég til með að nýta þetta veganesti áfram.

Ég sé ekki eftir ákvörðuninni sem ég tók í upphafi míns námsferils. Það hefur reynst mér ákaflega vel að vera með félagsráðgjöf í farangrinum.